

5. gr.

Á árinu 2004 skulu þeir, sem skv. sérstökum samningi við sveitarfélagið, stunda jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi njóta 3.000 kr. afsláttar af sorphirðugjaldi.

6. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri, sem það er lagt á sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar þann 18. desember 2004, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Eyjafjarðarsveit, 16. mars 2004.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

6. apríl 2004

Nr. 356

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2004 um gildistöku reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Með vísan til 1. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að nýjar reglur taki gildi þann 15. apríl 2004 um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll og brott falli þær reglur sem birtar voru með ákvörðun nr. 1/2004 sama efnis.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 6. apríl 2004.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.